



VINNUMÁLASTOFNUN

Samband íslenskra bankamanna
Nethyl 2
110 Reykjavík

Reykjavík 18. október 2019

Vinnuálfur vísar til erindis frá Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja, dags. 7. október 2019 þar sem óskað eftir því afstöðu stofnunarinnar til spurninga er varða hópuppsagnir hjá Arion banka í lok september 2019.

Vinnuálfur tekur við tilkynningum um hópuppsagnir á grundvelli laga nr. 63/2000. Í 7. gr. laganna segir að atvinnurekandi skuli senda svæðisvinnumiðlun skriflega tilkynningu um fyrirhugaðar hópuppsagnir. Í 8. gr. laganna kemur fram að uppsagnir samkvæmt lögum taki fyrst gildi 30 dögum eftir að tilkynning um uppsagnir skv. 7. gr. berst svæðisvinnumiðlun. Þá segir að svæðisvinnumiðlun skuli nota þann frest til að leita lausnar á þeim vanda sem fyrirhugaðar uppsagnir munu valda. Þegar Vinnuálfur berst tilkynning um hópuppsagnir kannar stofnunin í fyrsta lagi hvort tilkynning sé fullnægjandi og hvort atvinnurekandi hafi uppfyllt kröfur samkvæmt lögum um hópuppsagnir. Berist ósk frá atvinnurekanda, trúnaðarmönnum eða fulltrúa starfsmanna hefur Vinnuálfur einnig veitt leiðbeiningar um gildissvið laga um hópuppsagnir og áhrif laganna á uppsagnarfrest.

Tilkynning frá Arion banka barst Vinnuálfur áður en uppsagnir tóku gildi og hafði samráð við trúnaðarmenn farið fram. Uppsagnarfrestur þeirra starfsmanna sem hópuppsögn náði til var mismunandi en samkvæmt tilkynningu var uppsagnarfrestur starfsmanna einnig lengdur umfram kjarasamningsbundinn frest. Ljóst var af tilkynningu að engin uppsögn átti að taka gildi innan lögbundins frests sbr. 8. gr. laga um hópuppsagnir. 8. gr. laga um hópuppsagnir tryggir lágmarks uppsagnarfrest í þeim tilfellum sem starfsfólk á styttri en 30 daga uppsagnarfrest. Þannig tryggir 8. gr. laganna að starfsmenn eigi a.m.k. rétt á 30 daga uppsagnarfresti frá tilkynningu um hópuppsögn en lögin kveða ekki á um framlengingu á rýmri uppsagnarfresti sé hann til staðar. Í 9. gr. laganna kemur fram að uppsagnarfrestur starfsmanna samkvæmt lögum, kjarasamningum eða ráðningarsamningum breytist ekki þrátt fyrir ákvæði laga um hópuppsagnir. Í athugasemdum með 8. gr. frumvarps því er varð að lögum um hópuppsagnir er tekið fram að þegar staframaður hefur skemmri uppsagnarfrest en 30 daga leiðir af ákvæðinu að uppsagnarfresturinn lengist og verður 30 dagar.



VINNUMÁLASTOFNUN

Í þeim tilvikum þar sem starfsmaður á lengri uppsagnarfrest samkvæmt lögum, kjarasamningum eða ráðningarsamningum gildir sá frestur.

Í ljósi alls framangreinds telur Vinnumálastofnun að Arion banki hafi staðið réttilega að tilkynningu um hópuppsögn á grundvelli laga nr. 63/2000 og að lágmarks uppsagnarfrestur skv. 8. gr. laganna hafi verið virtur. Stofnunin gerir því ekki athugasemdir við það hvernig staðið varð að tilkynningu um hópuppsagnir hjá Arion banka í september 2019.

Virðingarfyllt
f.h. Vinnumálastofnunar



Sverrir B. Berndsen

VINNUMÁLASTOFNUN